

PASTEUR

I

Saga Pasteurs er mjög merkilegur þáttur í hinni merkilegu sögu vísindanna. Það er fyrst, að þó að starf hans hafi verið svo áhrifamikið, að milljónir eru á lífi, sem án hans hefðu ekki verið, og milljónir lifa betra lífi fyrir hans starf, þá virðist það, sem hann tók fyrir að rannsaka í fyrstu, vera algerlega án alls sambands við það er mannlegu lífi gæti að gagni orðið. Það virtist eingöngu hafa fróðleikspýðingu, en til framkvæmda alls enga. Það er annað, sem er eftirtektarvert, að þó að hann hafi haft hin mestu áhrif á líffræði og læknisfræði, þá var hann ekki læknir að mentun, ekki einu sinni líffræðingur, heldur efnafræðingur og kristallafræðingur, en leiddist frá þeim rannsóknum yfir í líffræði og læknisfræði.

Fjöldi margar ritgerðir hefi ég séð um Pasteur, ritaðar flestar í 100 ára minningu hans, og hefir mér þótt þar merkilegt margt, en merkilegast þó það, sem höfundarnir minnst ekki á. Um það hefir þó víða verið getið, sem áður var talið, en síður um mótspyrnu þá, sem Pasteur varð að mæta. Varð Pasteur reiður mjög, þegar menn vildu halda því fram, að hann hefði engar uppgötvanir gert, eða efasamar, og tafði sig talsvert á að skrifa deilugreinar. Komust mótstöðumenn hans svo langt í heimskunni sumir, að þeir kölluð hann hégómlegan skrumara, charlatan, og er engin furða, þó að snillingurinn reiddist slíku, en mikill ábyrgðarhluti þeirra manna, sem með fávísku sinni og öfundsyki leitast við að eittra líf einmitt þeirra, sem mest ríður á að verða samtaka, og tefja starf þeirra, eða koma jafnvel alveg í veg fyrir það, eins og stundum hefir átt sér stað.

II

Hvergi hefi ég séð á það minnst að neinu ráði, í minningargreinum þessum, hversu lítil þau laun voru, sem Pasteur hlaut, til móts við það, sem hann í raun rétttri hafði til unnið. Svo margra þúsunda milljóna virði var verk hans orðið, þegar um hans daga, að hefði honum verið launað nokkurn veginn að verðleikum, þá hefði hann verið maður tekjumeiri heldur en Pierpont Morgan, Rockefeller, Henry Ford og Rotschildarnir samanlagt. Og ennþá fróðlegra verður að athuga þetta, þegar að því er gætt, að afrek Pasteurs rís upp af verki annarra og er því á margan hátt samþætt; er svo jafnan um þá, sem mestir eru í vísindum og jafnvel fremur um þá en aðra menn, því að mikill hluti af hæfileikum vísindamannsins er í því falinn, að kunna að meta það, sem aðrir hafa gert, og færa sér það í nyt. En af þessu verður greinilegt, að það, sem sagt var um laun Pasteurs, á einnig við um laun margra annarra vísindamanna, og jafnvel yfirleitt um laun þeirra manna, sem vinna að því að auka þekkingu. Mætti um þetta langt rita, því að þarna kemur fram aðalrótin undir göllum mannfélagsins. Aukin þekking er uppspretta allra framfara, en ástæðurnar til að auka þekkingu, hafa verið svo vesalar, og ástæður þeirra, sem að slíku hafa unnið. Það væri mun erfiðara, að hrinda af stað styrjöldum, ef fjárráðin hefðu verið mest, þar sem mest er þekkingin. En hinir miklu peningamenn, la haute finance, er sagt að miklu hafi valdið um upptök margra styrjalda, ásamt herforingjunum, af ástæðum, sem orðið stríðsgróði mun undir eins gera skiljanlegar.

III

Í minningargreinum þeim, sem ég hefi séð, er alls ekki, svo að ég hafi tekið eftir, minnst á eitt atriði, sem þó er mjög merkilegt. Rannsóknir Pasteurs leiddu í ljós, að spillilífið er ákaflega miklu meira en menn höfðu vitað, andstillingin í náttúrunni, eða disharmonían, er ákaflega miklu stórkostlegri en nokkurn hafði grunað. Heimspekingarnir færðu sér ekki þennan þekkingarauka í nyt, en þó hefði hann átt að

hjálp þeim til að skilja, að náttúran, eins og vér þekkjum hana á jörðu hér, er sjúk, lífið hefir mistekist, og er á vegi til glötunar. Og þaðan hefði getað vaxið sá skilningur, að til þess að bjarga við lífinu, þarf fullkomnari samstillingu, byggða á aukinni þekkingu, eins og nú er verið að vekja athygli á í þeim fræðum, sem áður langt líður, mun mega sjá getið um mjög víða, þó að sumum muni það ekki líklegt þykja ennþá.

23. mars '23.